

Nd.

501. Nefndarálit

[255. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hún muni beita sér fyrir úrbótum handa þeim, sem verst eru settir, með ákveðnum hækkunum á bótum almannatrygginga og tengist samningum þeim sem nýlega voru gerðir milli A.S.Í. og V.S.Í. og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og B.S.R.B.

Heilbrigðis- og trygginganefndir beggja deilda fjölluðu um málið sameiginlega til þess að flýta afgreiðslu málsins og voru viðstaddir nefndarmenn beggja nefnda sammála um að stuðla að því að málið fengi greiða afgreiðslu í báðum deildum þingsins. Frv. var samþ. óbr. frá Ed.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 26. mars 1984.

Pétur Sigurðsson,
form., frsm.
Guðmundur Bjarnason.

Guðrún Agnarsdóttir,
fundaskr.
Ólafur G. Einarsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Helgadóttir.
Friðrik Sophusson.